

Morgunblaðið

G A E N A S A F H

Föstudagur 21. mars 1997. (Aðsætt efni)

Leiftursókn gegn lífeyrissjóðunum

Hefði verið nær, segir Hrafn Magnússon, að leiðarahöfundur Morgunblaðsins þakkaði aðilum vinnumarkaðarins fyrir hárrétt og skjöt viðbriðgöð.

ENGUM blöðum er um það að fletta að íslenska lífeyrissjóðakerfið er með því besta sem þekkist í Evrópu og þó viðar væri leitað. Höfuðkostur kerfisins, sem byggjast á skylðuaðild, samtryggingu og sjóðsöfnun, er lítið öfundaraugum af töðum þjóðum. Sú framsýni, sem heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins sýndu við stofnun almennu lífeyrissjóðanna á árinu 1969, var því mikil gæfuspor.

Þrátt fyrir óðaverðbólgu og neikvæða vexti á áttunda áratungnum hefur tekist að tryggja fjárhagslegt öryggi almennu lífeyrissjóðanna og eru þær nú betur í stakk búin en nokkrum sinni fyrr að standa við lífeyrisskjuldbindingar smar í nútíð og framtíð. Meira að segja Verslunarráð Íslands hefur viðurkennt bessa staðreynd því í skyrslu ráðsins frá árinu 1995 er sú staðreynd áréttuð að "staða lífeyrismála á Íslandi sé allgóð miðað við það sem margar aðrar þjóðir búa við".

Því skýtur nokkuð skókkju við í leiðana Morgunblaðsins, sl. þriðjudag, 18. mars, þar sem ráðist er með gífuryrðum að verkalyðsforsynni og samtökum vinnuveitenda vegna þess frumkvæðis sem heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa sýnt varðandi jákvæða upphryggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Sérstaklega eru árasír í leiðara Morgunblaðsins í garð samraka launaþolks einstakar og er mér til eis að blaðið hafi hin síðari ar reit eins hátt til höggs í heim effnum. Miðað við hvað vel hefur tekist til með stofnun almennu lífeyrissjóðanna eru þessi leiðaraþskrif bæði ósamangjörn og villandi. Vinnuveitendur fá líka sinn skammt og eru þeir vändir um að nota aðstoðu sína í stjórnun lífeyrissjóðanna til að bæta þeim í viðskiptastríði. Sú fulltöldring er ekki rökstudd frekar enda er hún eins og margt annað í þessum makalausa leiðara gjörsamlega úr lausu lofti grípan.

Tilefini leiðarans er auðvitað tillögur meðan úr fjármálaráðuneyti, sem áttu að hefta eðillega framþróun þeirra lífeyrissjóða, sem byggja á samtryggingu sjóðelagaga. Slik atlaga hefði haft í för með sér að bætur vegna ótorku eða andlás sjóðelaga yrðu skertar storkostlega, jafnframt sem konur hefou þurft að greida heiri iðgrald til sjóðanna til ávinnu sér sömu lífeyrisséttindi og karlar. Þannig hefði tekist á skömmum tíma að rústa þann þátt í starfsemi lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, sem byggist á samtryggingu sjóðelaga og er einn af höfuðkostum íslenska lífeyrissjóðakerfisins, eins og áður er gefið. Þessum tillögum tökst vonandi að afstýra. Æg leyfi mér að segja sem betur fer og nefni verið nær að leiðarahöfundur Morgunblaðsins þakkaði aðilum vinnumarkaðarins fyrir hárrétt og skjöt viðbriðgöð frekar en að ráðast á þá með gífuryrðum og ásökunum.

Í nýlegri úttekt Alþjóðabankans um stöðu lífeyrismála viðs vegar um heim er lögð áhersla á þrigja stoða upphryggingu lífeyriskerfisins.

Fyrsta stoðin er opinbert kerfi með skylðuaðild sem greiðin flatan grumnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri og er fjármagnaður með sköttum. Meginmarkið þessa kerfis er tekjuðflun og samtrygging. Hér á Íslandi er átt við almannatryggingakerfið.

Önnur stoðin er svo lífeyrissjóðinir, sem eru undir opinberu eftirliti og byggja á fullri sjóðssöfnun. Meginmarkmið þessa kerfis er sparnaður og samtrygging.

Þriðja stoðin er svo ýmis frijals sparnaður fyrir folk, sem vill spara meira og njota hærra lífeyris.

Eg tel miðg mikilvægt að nænn farí nu að hugsa skipulega á þessum mónum og næði framvegis lífeyrismálum út frá bessari flokkun, annars er sú hætt fyrir hendi að umreðan fari ut um viðan völl. Sumir vilja t.d. grannan að lífeyrissjóðinir séu undirstaða lífeyrisskjuldbindingar, en almannatryggingakerfið sé í næsta þrep þar fyrir ofan. Aðrir, einkum talsmenn valfelsis að lífeyrissjóðunum, blanda síðan saman hinum almenna lífeyrissjóðakerfi við frjálsan viðbótarþarmað og gera jafnvæl engan greimarmun á sjóðsöfnun lífeyrissjóðakerfisins, einstaklingsbundnum lífeyrisskjuldbindingum, einkareikningum í bönkum og spariðsþónum eða kaupum á hlutdeildarskríteinum verðbófarfyrirtækjanna, svo nokkur dæmi seu nefnd.

Rýmkun reglna í Bretlandi í valfrelsi sítt hafa skapað stórkostleg vandamál, sem ekki er séð fyrir endann á. Þar er þó ekki um að ræða almenna greiðsluskyldu að lifeyrissjóðum á Bretlandseyjum og flestir sjóðanna eru byggðir upp a fyrirtækjasiðum. Hægt hefur verið að vejla á milli að greiða í viðkomandi lifeyrissjóð eða í frjálsan sparnað. Þar hafa nenni lært af mislökunum, þar sem sjóðfélagar voru blekktr út úr samtryggingarsjóðunum með ýmsum gyllibóðum og staða nú eftir með milljarða punda tap vegna stórkostlegra fíarfestingamistaka misvitura fjarmálaráðgjafa. Í Danmörku starfa lifeyrissjóðir á stéttarfélagsgrundvelli líkt og hér á landi og ríkir um þá skipan þjóðarsátt. Í Hollandi er eitt öflugasta lifeyriskerfi í Evrópu og er lifeyrissparnaður þar einna mestur á Íslandi. Um er að ræða lifeyrissjóði, sem byggja á stéttarfélagsaöldi, eins og tildekkast hjá okkur. Viða annars staðar í Evrópu starfa lifeyrissjóðir a fyrirtækjagundvelli, t.d. í Þýskalandi. Þar eins og annars staðar í nágrennalöndunum eiga menn aðild að tilteknun lifeyrissjóðum. Þess vegna er það nokkuð sérkennilegt hér á landi, þar sem menn búa við gott lifeyrissjóðakerfi, skuli sumir vilja rusta kerfið með tilraunastarfsemi.

Höfundur er frammkvæmdastjóri Sambands almennra lifeyrissjóða.

Hrafn Magnússon.

© Morgunblaðið.

Til baka ►